

Kraftlyftingafélag Akureyrar,
Pósthólf 00751
602 Akureyri.

Sent með ábyrgðarpósti

Einnig sent með tölvupósti á netfangið
kfakureyri@gmail.com

Reykjavík, 15. ágúst 2024

Efni: Úrskurður stjórnar Kraftlyftingasambands Íslands

Á fundi stjórnar Kraftlyftingasambands Íslands, sem haldinn var í dag, 15. ágúst 2024, var kveðinn upp eftirfarandi úrskurður í samræmi við 31. gr. laga sambandsins. Rétt er að taka fram að stjórnarmennirnir Laufey Agnarsdóttir, María Guðsteinsdóttur og Þórunn Brynja Jónasdóttir tóku ekki þátt í meðferð málsins.

1. Málavextir

Sunnudaginn 22. október 2023 var haldið bikarmót Kraftlyftingasambands Íslands (hér eftir KRAFT) í kraftlyftingum og klassískum kraftlyftingum í íþróttahúsinu að Varmá í Mosfellsbæ. Í kjölfar mótsins barst stjórn KRAFT fjölmargar kvartanir og ábendingar, þar á meðan skýrsla frá dómurum mótsins, vegna framkomu og hegðunar þeirra Grétars Skúla Gunnarssonar og Þorbergs Guðmundssonar, sem voru fulltrúar Kraftlyftingafélags Akureyrar (hér eftir KFA) í mótinu. Þorbergur var keppandi og fulltrúi KFA og Grétar Skúli var aðstoðamaður keppenda og þjálfari. Á þessum tíma var Þorbergur formaður KFA og Grétar Skúli varaformaður KFA.

Nánar tiltekið er um sex eftirfarandi tilvik að ræða.

1. Háttsemi gagnvart Sóleyju Margréti Jónsdóttur

Vitnið Sóley Margrét Jónsdóttir, sem var aðstoðarmaður keppenda á vegum Breiðabliks í mótinu, lýsti því þannig að Grétar Skúli hafir veitt henni högg með olnboga í brjóstakassa hennar þegar þau tvö mættust í dyragætt að áhorfendasal. Var Sóley á leið út úr salnum en Grétar á leið inn í salinn. Sóley lýsti því þannig að Grétar hafir lyft upp vinstri hönd, sett hnefana saman, og stigið í átt að henni þannig að olnbogi vinstri handar hafnaði af nokkru afli á brjóstakassa hennar, enda var líkamsþunga beitt til þess að þyngrja höggið. Lýsti Sóley því þannig að höggið hafir þú veitt henni nokkurs fyrirvara og án nokkurs tilefnis en engin orðaskipti voru á milli þeirra áður en höggið var veitt. Í kjölfarið hafi Grétar haldið ferð þinni áfram inn í áhorfendasalinn og ekki sýnt nein viðbrögð þegar Sóley kallaði á eftir honum í kjölfar höggsins. Sóley mun hafa sagt dómáranum Þórunni Brynju Jónasdóttur frá atvikinu skömmu síðar og beðið liðsfélaga sína um að vera nálægt, sér til halds og trausts.

Fyrir liggur frásögn vitnisins Egils Hrafns Benediktssonar af atvikinu. Lýsti hann því svo að Grétar hafi gengið um tveimur metrum á eftir Sóleyju þegar hann sá Grétar kom á móti henni. Hann segir Grétar hafa starað á Sóleyju með illilegum svip. Egill staðfestir frásögn Sóleyjar af atvikinu og sagði hann þetta

Al.
AG

hafa verið mjög áberandi. Lýsti hann því svo að Grétar hafi verið laumulegur en svo tekið áberandi skref í átt að Sóleyju og sett allan líkamsþungann í höggið og keyrt olnbogann í bringuna á Sóleyju. Síðan hafi Grétar gengið áfram eins og ekkert hefði í skorist, þrátt fyrir að Sóley hafi kallað á eftir honum. Egill sagði engan aðdraganda hafa verið að atvikinu, annan en illilegan svip Grétars. Hann sagði Sóleyju hafa greinilega verið mjög brugðið við atvikið.

Fyrir liggur frásögn vitnisins Einars Rafns Magnússonar, sem stóð inni í áhorfendasal við sölubás sem var fyrir innan innganginn í salinn. Lýsti hann því svo að honum hafi virst Sóley staðnæmast í dyragættinni og beðið eftir því að Grétar færi í gegn. Í stað þess að ganga fram hjá Sóleyju hafi Grétar gengið á hana þannig að þau skullu saman. Einar Rafn kvaðst ekki hafa séð hvort Grétar hafi lyft upp höndum og sá hann engin frekari viðbrögð frá honum. Hins vegar hafi verið augljóst að Sóleyju hafi verið mjög brugðið og að hún hafi kallað á eftir Grétari, án þess að fá viðbrögð.

Fyrir liggur frásögn vitnisins Gabríels Ómars Hafsteinssonar sem var staddur inni í áhorfendasal, um fjórum eða fimm metrum fyrir innan innganginn. Hann lýsti því þannig að hann hafi séð Grétar koma inn í salinn í gegnum dyragættina þar sem hann gekk fram hjá Sóleyju. Lýsti hann því þannig að Sóley hafi kippst við og verið mjög brugðið. Hann sagði Sóleyju hafa kallað á eftir Grétari og svo hafi hann séð Sóleyju bresta í grát og hafi þá liðsfélagar hennar komið til hennar.



Fyrir liggur að Sóley leitaði til læknis í kjölfarið atviksins og liggur fyrir í málinu áverkavottorð vegna þessa þar sem áverkar á brjóstokassa eru staðfestir. Í vottorði kemur fram að áverki hafi verið á miðri bringu Sóleyjar við þriðja rifbein. Um var að ræða 2x1 sm roðblett og umhverfis hann hafi verið marblettur, 4x4 sm að stærð. Mun Sóley hafa kært atvikið til lögreglu.

2. Háttsemi gagnvart Hjálmari Andrésyni

Vitnið Hjálmar Andrésón, þjálfari Sóleyjar Margrétar Jónsdóttur og aðstoðamaður keppenda á vegum Breiðabliks á mótinu, lýsti því þannig að Grétar hafi veitt honum högg með öxl í brjóstokassa hans þar sem Hjálmar stóð við dyragætt að upphitunarsvæði og var að ræða við Sóleyju. Lýsti hann því þannig að Grétar hafi komið gangandi eftir gangi að dyragættinni og þegar Hjálmar vék sér lítillaga undan til þess að hleypa Grétari fram hjá, þá hafi hann látið öxlina síga og gengið beint framan á Hjálmar þannig að öxlin lenti harkalega í brjóstokassa hans. Lýsti hann hegðun Grétars sem algjörlega tilefnislausri en engin samskipti höfðu átt sér stað á milli þeirra í aðdragandanum. Í kjölfarið hafi Grétar haldið áfram göngunni inn á upphitunarsvæði án þess að líta við eða segja nokkuð.

Fyrir liggur frásögn vitnisins Egils Hrafns Benediktssonar sem staddur var á upphitunarsvæði. Lýsti Egill Hrafn því þannig að Hjálmar hafi stigið til hliðar en þá hafi Grétar keyrt öxlina í axlar- eða bringusvæði Hjálmars. Hann lýsti því þannig að honum hafi virst Grétar gera þetta af ásetningi. Þar sem Hjálmar sé töluvert lágvaxnari heldur en Grétar, þá hafi verið augljóst að Grétar hafi beygt þig niður eða látið öxlina síga til þess að koma höggi á hann. Egill Hrafn lýsti því þannig að enginn aðdragandi hafi verið að atvikinu og hafi hann ekki orðið vitni að samskiptum á milli Hjálmars og Grétars í aðdraganda atviksins.

Fyrir liggur frásögn vitnisins Einars Rafns Magnússonar þar sem vitnið lýsti því þannig að Grétar hafi „axlað“ Hjálmar með því að reka öxlina í hann þegar þeir mættust. Einar Rafn lýsti því þannig að honum

 2 
AG

hafi virst Hjálmar ætla að víkja sér undan þegar þeir mættust en Grétar hafi gengið beint á hann. Lýsti hann því þannig að Grétar hafi engin viðbrögð sýnt í kjölfarið. Sagði hann atvikið hafa átt sér stað um það bil 15-20 mínútum á eftir atvikinu með Sóleyju, sem lýst er hér að framan.

3. Ógnandi hegðun gagnvart öðrum keppanda

Vitni lýstu atvikum þannig að keppendur hafi verið við upphitun á upphitunarsvæði. Svæðið sé lítið og þröngt miðað við þann fjölda keppenda sem sótti mótið í umrætt sinn í karlaflokki og voru svokallaðir upphitunarrekkar fáir. Keppendur í fyrra holli byrjuðu að hita upp og notuðu þeir m.a. rekka sem keppandi á vegum KFA hafði notað fyrr um daginn. Lýstu vitnin því þannig að Grétar hafir setið á stól skammt frá rekknum þegar keppendum, sem voru að nota rekkann, fór fjölgandi. Þá hafi Grétar gert munnlegar athugasemdir við viðstadda keppendur og sagt þeim að hleyppa ekki of mörgum að í rekkann. Þegar næsti keppandi mætti þá hafi Grétar rokið upp úr stólnum og alveg upp að einum keppandanum, þar sem hann krepptir hnefann framan í viðkomandi og settir brjóstkassann út á meðan hann sagði hári röddu að keppandi á vegum KFA, Þorbergur Guðmundsson, væri væntanlegur og að þeir tveir mynduð henda öðrum keppendum burt til þess að búa til pláss. Þegar einn keppandinn gerði athugasemdir við þetta hafi Grétar sagt við hann „hvað ætlar þú að gera í því?“ Töldu vitni að með þessu hafi Grétar sýnt af sér ógnandi hegðun og óttuðust þau að Grétar myndi ráðast á keppandann. Vegna þessarar hegðunar þá færðu keppendurnir sig í burtu frá rekknum.

Fyrir liggja frásagnir vitnanna Kristínar Þórhallsdóttur, Gabriéls Ómars Hafsteinssonar, Tinnu Rutar Traustadóttur, Finns Freys Eiríkssonar og Friðbjörns Braga Hlynssonar, sem öll lýsa atvikum með þeim hætti sem að framan er lýst.

4. Óviðeigandi ummæli í áheyrn keppenda og þjálfara

Vitni lýstu því svo að þegar keppni í kvennaflokki stóð yfir, nánar tiltekið í hnébeygju, hafi Grétar og Þorbergur verið staddir skammt frá þeim stað þar sem farið er af upphitunarsvæði og yfir á keppnisvall. Í frásögn vitnisins Kristjönu Maríu Steingrimsdóttur kemur fram að þegar hún var á upphitunarsvæði hafi hún heyrt Grétar segja að það væri vond lykt af ól sem hann notaði við að vefja keppanda sinn þar sem keppandinn væri alltaf að vefja ólinni um typpið á sér. Þetta hafi Grétar sagt hátt og skýrt við aðra liðsmenn KFA sem voru á upphitunarsvæðinu.

Frásögn vitnanna Kristínar Þórhallsdóttur og Ragnars Hansen var á sama veg og bætti Ragnar því við að umræddum keppanda hefði augljóslega ekki þótt þessi ummæli þín fyndin.

5. Óviðeigandi ummæli í garð dómara mótsins

Samkvæmt frásögn vitna létu þeir Grétar og Þorbergur tiltekin ummæli falla um og við dómara mótsins einkum eftir að ljós kom að svokallaðar metaskífur vantaði á keppnisstaðinn í kjölfar þess að keppandi frá KFA ætlaði að gera tilraun til þess að setja Íslandsmet í réttstöðulyftu, í sinni síðustu tilraun. Af þessum sökum tafðist keppni í fyrsta holli í um 50 mínútur og keppni í næsta holli tafðist um 30 mínútur.

Í kjölfar atviksins er því lýst að Grétar og Þorbergur hafið gengið um keppnissvæði og áhorfendasal og ítrekað lýst því yfir að þetta væri viljandi gert af KRAFT og/eða mótshöldurum til þess að eyðileggja

fyrir keppanda KFA. Er því lýst að reiði þeirra hafi einkum beinst að þeim þremur dómurum sem dæmdu holtið, en allir dómarnir voru konur. Nánar tiltekið er um að ræða þær Laufeyju Agnarsdóttur, Maríu Guðsteinsdóttur og Þórunni Brynju Jónasdóttur

Í frásögn vitnisins Egils Hrafn Benediktssonar kom fram að hann hafi heyrt Grétar segja hátt á upphitunarsvæði að þetta væri vanvirðing af hálfu KRAFT gagnvart keppanda og KFA og þetta hafi verið gert viljandi.



Í frásögn vitnisins Kristínar Þórhallsdóttur kom fram að Grétar hafir talað hátt og reiðilega í áhorfendasal, þannig að áhorfendur heyrðu, að atvikið væri viljandi gert af hálfu KRAFT. Hafi Grétar með orðum sínum beint reiði sinni að þeim þremur dómurum sem dæmdu í umræddu holti, sem eru allar konur og stjórnarmenn í KRAFT. Nefndi Grétar að þær hafi gert þetta viljandi til að skemma fyrir KFA. Einnig hafi Grétar sagt að það væri fáránlegt að setja konur í þetta hlutverk því þær geti ekki ráðið við svona verkefni og klúðri öllu. Sagði Kristín að hún hafi upplifað þessi orð Grétars sem kvenfyrirlitningu.

Í frásögn vitnisins Kristjönu Maríu Steingrímsdóttur kom fram að hún hafi verið á upphitunarsvæði þegar hún sá Grétar „hella sér yfir“ Þórunni Brynju Jónasdóttur dómara og hafi hann sagt að þetta væri samsæri gegn KFA og að stjórn KRAFT væri að gera þetta viljandi.

Í frásögn vitnisins Láru Bogeyjar Finnbogadóttur kom fram að Grétar hafi, almennt á meðan keppni í kvennaholti stóð, virst hafa sig allan fram í að vera ógnandi í fasi. Hann hafi jafnan hækkað róminn þegar hann talaði við einhvern og hafi verið með yfirlýsingar þess efnis að hinir og þessir væru aumingjar, m.a. þeir sem stunda klassískar kraftlyftingar. Einnig hafi hann viðhaft ummæli á þá leið að ekki ætti að hleypa hvaða rottum og aumingjum sem er í þessa íþrótt. Lýsti Lára því þannig að keppendum sem voru með henni á upphitunarsvæðinu hafi verið hætt að standa á sama vegna þessarar framkomu Grétars. Þegar atvikið með metaskífurnar kom upp lýsti Lára því að Grétar hafi verið ógnandi í fasi og hafir ásakað stjórn KRAFT um að gera þetta af ásettu ráði gagnvart KFA og keppendum þeirra. Hafi Grétar talað með niðrandi hætti um þá sem komu að dómgæslu á mótinu og hafi bæði Grétar og Þorbergur haft uppi ýmsar samsæriskenningar vegna atviksins og almennt sýnt mikla óvild gagnvart þeim sem stóðu að mótinu.

Í frásögn vitnisins Friðbjarnar Braga Hlynssonar kom fram að liðsmenn KFA hafi sýnt dónaskap eftir að tilvikið með metaskífurnar kom upp. Hafi þeir Grétar og Þorbergur sakað KRAFT um að hafa gert þetta með ráðum til að klekkja á keppanda KFA og haft uppi hótanir um kærur. Hafi liðsmenn KFA staðið í hótunum og leiðindum við dómara og mótshaldara.

Í frásögn vitnisins Þórdísar Ingu Þórarinsdóttur kom fram að hún hafi séð þegar dómari reyndi að útskýra fyrir Grétari málið með metaskífurnar. Hún lýsti því þannig að hún hafi ekki heyrt nákvæm orðaskipti en lýsti viðbrögðum Grétars sem mjög óíþróttamannslegum og óviðeigandi, það hafi m.a. sést á viðbrögðum og líkamstjáningu dómarans. Nokkru síðar hafi Þórdís svo verið í áhorfendasal og heyrt Grétar segja að þetta hafi klárlega verið gert með vilja af hálfu stjórnar KRAFT.

 
4

Í frásögn vitnisins Jens Andra Fylkissonar kom fram að þjálfarar og keppendur KFA hefðu sýnt af sér ógnandi hegðun gagnvart starfsmönnum og dómurum mótsins.

Í skýrslu dómaranna Laufeyjar Agnarsdóttur, Maríu Guðsteinsdóttur og Þórunnar Brynju Jónasdóttur kom fram að þær hafi dæmt umrætt holl þegar atvikið með metaskífurnar kom upp. Kom fram í skýrslu þeirra að Grétar hafi sagt við einn dómaranna beinum orðum að þetta væri allt með vilja gert, bæði af hálfu dómaranna og stjórnar KRAFT, þ.e. að eyðileggja fyrir keppanda KFA.

Þá var einnig haft eftir vitnum að Grétar hafi, eftir að fyrsta tilraun keppenda KFA í hollinu var dæmd ógild, öskrað baksviðs að dómarar mótsins væru djöfulsins rottur.

Þess má geta að mótið var tekið upp á myndband og við skoðun á myndbandsupptöku má heyra þá Grétar og Þorberg láta eftirfarandi ummæli falla:

2:15:30 – Grétar segir þar sem hann, Þorbergur og Sara Viktoría standa þar sem gengið er inn á keppnisvall af upphitunarsvæði: „Þetta er ekki fyrsta mótið sem KRAFT er búið að eyðileggja fyrir okkur, þetta er orðið vani, það á setja þetta í bann, ég vil ekki sjá þessa dómara aftur á næsta ... (óskýrt)“. Þorbergur virðist taka undir með því að segja „ (óskýrt) á Vestfirðingum alla tíð“. Grétar viðhefur þá ummæli sem ekki er hægt að greina og svo virðast þeir báðir hlægja hátt.

2:26:30 - Þorbergur heyrir segja eitthvað á þá leið, og virðist vera að vísa til dómaranna, að þeir verði sektaðir fyrir að eyðileggja mótið. Á þeim tíma standa þeir Grétar og Þorbergur fyrir framan ritaraborðið. Grétar tekur undir og segir að allir dómararnir verði settir í keppnisbann og Þorbergur tekur undir með því að segja „er það ekki?“. Þorbergur segir að það verði jafnt yfir alla að ganga og Grétar segir að það sé geggjað að þær (dómararnir) séu allar í stjórn.



2:29:40 – Grétar, Þorbergur og Sara Viktoría standa á keppnisvallinum og Grétar segir „þetta er bara viljandi, ég er alveg sannfærður um það“.

2:30:10 – Grétar og Þorbergur standa á keppnisvallinum þegar Grétar segir „það gæti líka verið að þau hafa falið þær, það er ekkert ólíklegt miðað hvernig þetta fólk hefur hagað sér í gegnum árin“. Þorbergur virðist taka undir þetta og segir „líka miðað við hvernig þau eru að haga sér núna, þau eru ekkert að biðjast afsökunar“.

6. Brot KFA og ábyrgð félagsins

Með vísan til allra framangreindra atvika og 5. gr. mótareglna KRAFT þá ber KFA, sem íþróttafélag, ábyrgð á framkomu keppenda sinna og allra þeirra sem hafa hlutverkum að gegna á vegum félagsins við mótahald.

Með kæru KRAFT, dags. 10. janúar 2024 (ranglega dagsett 2023), til Dómstóls Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands var framangreind háttsemi þeirra Grétars og Þorbergs kærð til dómstólsins.

 
5

Var kæru KRAFT jafnframt beint að KFA, á þeim grundvelli að KFA hafi borið ábyrgð á háttsemi fulltrúa félagsins í mótinu. Undir rekstri dómsmálsins skilaði KFA inn greinargerð þar sem félagið kom á framfæri athugasemdum sínum og sjónarmiðum varðandi kærana. Með úrskurði dómstólsins, sem upp var kveðinn þann 29. febrúar sl., var kæru KRAFT vísað frá Dómstóli ÍSÍ á þeim forsendum að kæra KRAFT hafi borist dómstólnum eftir að sjö daga frestur skv. grein 24.2 í lögum ÍSÍ var liðinn. Þá var vikið í því í úrskurðinum að kæra KRAFT hafi, a.m.k. að hluta til, varðað ávirðingar um líkarmsrásir en slík mál taldi dómstóllinn eiga heima hjá lögreglu og almennum dómstólum.

Í 31. gr. laga KRAFT segir að Dómstólar ÍSÍ fari með mál sem upp kunna að koma innan kraftlyftingarhreyfingarinnar. Þó geti stjórn KRAFT úrskurðað í málum er varða reglugerð KRAFT um kraftlyftingakeppni og keppnisreglur IPF í kraftlyftingum. Skuli þá farið eftir reglum KRAFT og IPF, eftir því sem við á. Slíkum úrskurði geti aðilar þó vísað til Dómstóls ÍSÍ.

Með tölvupósti stjórnar KRAFT til KFA, dags. 16. apríl sl., var félaginu tjáð að þar sem efnisleg niðurstaða hafi ekki fengist í málinu hjá Dómstóli ÍSÍ þá hafi stjórn KRAFT ákveðið að taka málið til umfjöllunar á fundi sínum á grundvelli 31. gr. laga KRAFT. Vísað var til þess að í frávísunarúrskurði Dómstóls ÍSÍ hafi helstu sjónarmið málsaðila verið reifuð en stjórn KRAFT taldi þó rétt að gefa KFA kost á að koma á framfæri frekari sjónarmiðum vegna málsins. Með tölvupósti til stjórnar KRAFT, dags. 22. apríl sl., sendi KFA greinargerð sína þar sem sjónarmið félagsins koma fram.

2. Sjónarmið KFA

Í greinargerð félagsins var gerð athugasemd við framsetningu málsins, m.a. skýrleika refsirammans, og hæfi stjórnar KRAFT til þess að úrskurða í málinu þar sem umræddir dómamarar eigi einnig sæti í stjórn KRAFT. Þá var gerð athugasemd við að kærana geti ekki náð til félagsins þar sem 40. gr. laga ÍSÍ taki einungis til íþróttamanna. Það sé því fráleitt að ætla að dæma KFA til óhluthlutgengi eða sektar á grundvelli lagagreinarinnar.

Þá var vísað til þess að flest þeirra brota sem kærana vísar til eigi við almenn hegningarlög, þ.e. öll nema fimmta tilvikið, og hafi Dómstóll ÍSÍ þegar beint þeim tilmælum til KRAFT að mál af slíku tagi eigi ekki heima hjá dómstólum ÍSÍ, heldur lögreglu og almennum dómstólum. Telur stjórn KFA því ótækt að stjórn KRAFT sé að dæma í málum sem dómstólar ÍSÍ eru búnir að sverja af sér.

Varðandi málsatvikalýsinu vegna fimmta tilviks kærunnar þá sé lýsing málavaxta mjög ruglingsleg og reynt hafi verið að hlera einkasamtöl milli formanns og varaformanns KFA, þar sem aðeins brot af samölunum heyrir. Sé það gert í því skyni að gera málið tortryggilegt. Telur KFA málið í raun ótækt til frekari umfjöllunar.

Varðandi einstök tilvik kærunnar þá voru athugasemdir KFA eftirfarandi.

Tilvik 1

Vísað var til þess að málið sé inni á borði ríkissaksóknara og búið sé að vísa málinu frá einu sinni. Telur stjórn KFA að KRAFT sé ekki stætt á því að dæma hvorki Grétar né KFA á grundvelli vitnisburðar þar sem málið sé til vinnslu í almenna dómskerfinu. Vísar KFA til þess að keppandinn Sara Viktoría hafi verið

AG
AG

vitni að umræddu atviki, þar sem Grétar og Sóley rákust hvort á annað. Telur KFA það fráleitt að Grétar hafi viljandi farið utan í Sóleyju og þaðan af síður af afli.

Tilvik 2

Benti KFA á að lýsing á atvikinu sé ýkt og vísar til þess að í vitnisburði Hjálmars komi fram að höggið hafi ekki verið mikið og að Hjálmar hafi ekki verið með áverka eftir atvikið. Gefi það til kynna að tilvikið hafi verið sett upp með illum ásetningi og með það að markmiði að sverta Grétar, í stað þess að skýra rétt frá atburðinum. Þá var vísað til þess að Grétar sé með ónýtt hné sem leiði til þess að hann sé með vaggandi göngulag, sem versnar þegar hann þarf að standa lengi. Þetta megi sjá af myndbandsupptöku frá mótinu.

Tilvik 3

Vísað var til þess að um hafi verið að ræða rifrildi á milli Grétars og Hilmars Símonarsonar, formanns KFÓ, en vitnisburður Hilmars liggja ekki fyrir í málinu. Stjórn KFA segir furða sig á því að þar sem atvikið var aðallega á milli Hilmars og Grétars, þá hafi það væntanlega átt að vera Hilmar sem átti hættu á því að Grétar myndi ráðast á hann. Furðaði KFA sig á því hvers vegna vitnisburður hans liggja ekki fyrir í málinu.

Stjórn KFA hafnaði alfarið ásökunum um yfirvofandi ofbeldi og vísaði til þess að menn hafi einungis rifist. Eftir að mótshaldari og Kristleifur hafi komið að samtalinu þá hafi málinu lokið. Þá vísaði KFA til þess að óheppilegt hafi verið að láta holl í klassískum kraftlyftingum og hollið sem Þorbergur keppti í hita upp saman. Loks gerði KFA athugasemd við að rekkarnir hafi verið alltof fáir í mótinu. Hafi aðstæður því ekki verið fullnægjandi.

Tilvik 4

Vísað var til þess að meint ummæli Grétars hafi fyrst og fremst beinst að Söru Viktoríu, keppanda KFA, en hún hafi neitað öllum vitnisburði um óviðeigandi og kynferðisleg ummæli. Þá var vísað til þess að vitnum hafi ekki komið saman um það hvar ummælin hefðu verið látin falla né heldur til hvaða hlutar ummælin hefðu átt að beinast að. Taldi KFA að um grófan rógburð væri að ræða, sem ætti að varða við almenn hegningarlög ef sönn reyndust. Ættu ummælin því ekki heima á borði stjórnar KRAFT né dómstóla ÍSÍ. Þá furðaði KFA sig á því hvers vegna hin meintu ummæli hefðu ekki verið tilkynnt til viðeiganda aðila, þ.e. Söru Viktoríu, þar sem hún ætti með réttu að teljast þolandi ummælanna. Vísar KFA til þess að hér sé um enn eitt dæmi þess að ræða hvers vegna stjórn KRAFT sé ekki hlutlaus í málinu og því óhæf til þess að kveða upp dóm í málinu. Þá vísaði stjórn KFA til þess að Sara Viktoría hafi verið búin að tilkynna óheimila notkun á persónu sinni og umræddan rógburð til lögreglu, þar sem málið er til skoðunar.

Loks vísar KFA til þess að formaður KRAFT, Hinrik Pálsson, og aðrir stjórnarmenn hafi gerst brotlegir við 142., 228. og 230. gr. almennra hegningarlaga með framgöngu sinni í málinu.

Tilvik 5

Vísað var til þess að svokölluðu „metaskífumáli“ sé lokið, enda hafi KRAFT tekið það fyrir og úrskurðað sjálft í málinu. Af þeim sökum sé ótækt að KRAFT taki málið upp aftur, hvað þá að liðnum sex mánuðum.

Tilvik 6

KFA hafnaði allri sök og ábyrgð félagsins, sér í lagi þar sem flest framangreind tilvik teljist til almennra hegningarlaga og þar af leiðandi eigi stjórn KRAFT ekki að taka þau til efnislegrar meðferðar. Þá hafi Dómstóll ÍSÍ nú þegar bent KRAFT á að málin eigi heima hjá lögreglu og almennum dómstólum.

3. Niðurstaða

Í 31. gr. mótareglna KRAFT, sem samþykktar voru af stjórn sambandsins og voru því í gildi í umræddu móti, segir að með mál vegna brota á mótareglunum skuli farið eins og lög og reglugerðir KRAFT kveða á um.

Í 31. gr. laga KRAFT segir að Dómstólar ÍSÍ fari með mál sem upp kunna að koma innan kraftlyftingarhreyfingarinnar. Þó geti stjórn KRAFT úrskurðað í málum er varða reglugerð KRAFT um kraftlyftingakeppni og keppnisreglur IPF í kraftlyftingum. Skuli þá farið eftir reglum KRAFT og IPF, eftir því sem við á. Slíkum úrskurði geti aðilar þó vísað til Dómstóls ÍSÍ.

Í 5. gr. mótareglna KRAFT má finna reglur um hegðun keppenda, forystumanna og annarra fulltrúa félaga. Þar segir að ávallt skuli sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni, koma skuli fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Segir jafnframt að þeir sem taka þátt í starfi kraftlyftingahreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem rýrt getur orðstýr íþróttarinnar. Sérhvert félag er ábyrgt fyrir framkomu keppenda sinna og allra þeirra sem hafa hlutverk á vegum þess í tengslum við mótahald og keppni.

Í viðbragðsáætlun íþrótt- og æskulýðsfélaga, nánar tiltekið 5. kafla, er m.a. fjallað um ofbeldi og er skilgreiningin á líkamlegu ofbeldi sú þegar líkamlegu afli er beitt gegn öðrum einstaklingi, hvort sem líkamlegur skaði hlýst af eða ekki. Andlegt ofbeldi er skilgreint sem m.a. samskipti sem einkennast af niðurlægingu, markvissu niðurbroti einstaklings, ómanneskjulegri framkomu, ofsóknum, öskri, hótunum, ógnum eða langvarandi þögn. Andlegt ofbeldi er sagt notað til að stjórna öðrum eða ná völdum yfir þeim. Í hegðunarviðmiðum ÍSÍ fyrir þjálfara segir í 6. kafla að ofbeldi sé ekki liðið innan íþróttahreyfingarinnar. Einnig segir í 1. kafla að koma skuli fram af virðingu, m.a. gagnvart mótherjum, þjálfurum, dómurum og öðru starfsfólki. Í lið 6. B. segir að þjálfarar skuli ekki misnota stöðu sína og vald með kynferðislegum tilburðum eða með öðrum hætti.

Er mál þetta því tekið til úrskurðar stjórnar KRAFT á grundvelli framangreindra ákvæða.

Með úrskurðum stjórnar KRAFT, sem einnig voru kveðnir upp í dag, þá voru þeir Grétar Skúli Gunnarsson og Þorbergur Guðmundsson taldir hafa gerst brotlegir vegna þeirrar háttsemi sem lýst er í liðum 1-5 hér að framan. Þótti háttsemi þeirra sönnuð, bæði með vísan til framburðar fjölmargra vitna og myndbandsupptöku frá mótsstað. Varðandi nánari forsendur fyrir niðurstöðum stjórnar KRAFT vísast til efnis úrskurðanna sjálfra, en afrit þeirra hefur verið sent KFA.

Nánar tiltekið var Grétar Skúli talinn hafa sýnt af sér ítrekaða óíþróttamannslega framkomu, bæði með orðum sínum og ofbeldisfullri hegðun. Framkoma hans var til þess fallin að veða að þeim mikilvægu



hagsmunum og gildum íþróttahreyfingarinnar að iðkendur, starfsmenn, þjálfarar, áhorfendur og aðrir sem koma að íþróttaiðkun geti gert það án þess að þurfa að óttast um öryggi sitt og velferð. Var hegðun hans langt frá því að geta talist heiðarleg eða í anda íþróttarinnar og var hún þvert á móti til þess fallin að rýra orðstýr íþróttarinnar. Taldist hegðun hans varða við 5. gr. mótareglna KRAFT, d-lið 1. töluliðs, c-lið 2. töluliðs og a-lið 4. töluliðs greinar 37.1 í lögum ÍSÍ og var hann úrskurðaður til óhlutgengis í 12 mánuði frá og með dagsetningu úrskurðarins að telja. Skal hann því sæta útilokun frá þátttöku í æfingum, keppni og sýningum innan Kraftlyftingasambands Íslands og er sviptur rétti til að gegna trúnaðarstörfum innan kraftlyftingasambandsins, sbr. c-liður greinar 38.2 í lögum ÍSÍ.

Þorbergur Guðmundsson var talinn hafa sýnt af sér ítrekaða óíþróttamannslega framkomu sem var til þess fallin að veða að hagsmunum og gildum íþróttahreyfingarinnar, sem einkum felast í hollustu, heiðarleika og þrúðmennsku gagnvart öllum þeim sem koma að íþróttaiðkun. Var hegðun hans ekki í anda íþróttarinnar og var hún þvert á móti til þess fallin að rýra orðstýr íþróttarinnar. Taldist hegðun hans varða við 5. gr. mótareglna KRAFT, d-lið 1. töluliðs, c-lið 2. töluliðs og a-lið 4. töluliðs greinar 37.1 í lögum ÍSÍ og var hann áminntur.

Eins og áður segir þá er fjallað um hegðun keppenda, forystumanna og annarra fulltrúa íþróttafélaga í 5. gr. mótareglna KRAFT. Í niðurlagi ákvæðisins segir að sérhvert félag skuli vera ábyrgt fyrir framkomu keppenda sinna og allra þeirra sem hafa hlutverk á vegum þess í tengslum við mótahald og keppni.

Það er niðurstaða stjórnar KRAFT að þeir Grétar Skúli Gunnarsson og Þorbergur Guðmundsson hafi í umræddu móti verið keppendur, forystumenn og fulltrúar KFA í skilningi 5. gr. mótareglna KRAFT. Þá verður ekki fram hjá því litið að þeir tveir gegndu einnig embættum formanns og varaformanns KFA þegar mótið fór fram. Ef þeim sökum, og með vísan til brota þeirra, telur stjórn KRAFT að Kraftlyftingafélag Akureyrar hafi borið ábyrgð á framkomu þeirra í umrætt sinn.

Telur stjórn KRAFT að engu hafandi þau sjónarmið KFA að stjórn KRAFT geti ekki tekið málið til efnislegrar meðferðar, þar sem háttsemi umræddra einstaklinga kunni að falla undir almenn hegningarlög og þar með almenna dómstóla. Það, eitt og sér, kemur ekki í veg fyrir beitingu mótareglna KRAFT vegna framkomu fulltrúa íþróttafélaga í mótum og eða annarra reglna íþróttahreyfingarinnar.


4. Úrskurðarorð

Kraftlyftingafélag Akureyrar er áminnt.

Reykjavík 15. ágúst 2024

f.h. stjórnar Kraftlyftingasambands Íslands


Aron Ingi Gautason


Hinrik Pálsson


Auðunn Jónsson


Kristleifur Andrésson